

Gleðilegan hátíðis- og baráttudag góðir félagar!

Fyrir hönd Stefnu, félags vinstri manna, segi ég fundinn settan og býð ykkur öll velkomin. Þetta er í 16. sinn, sem Stefna efnir til árdegisfundar 1. maí á alþjóðlegum baráttu- og hátíðisdegi verkalýðsstéttarinnar, þann fyrsta hældum við vorið 1999 skömmu eftir að félagið varð til. Þess utan hefur félagið boðað til allmargra annarra funda af ýmsu tagi á liðnum árum.

Við minnumst í dag með virðingu brautryðjenda verkalýðshreyfingarinnar, sem helguðu 1. maí stéttabaráttunni og sósíalísmanninum og gerðu rauða fánann að tákni baráttunnar. Markmið þeirra og hugsjón var að kveða í fátæka alþýðu móð til að rísa upp gegn ranglætinu í þjóðfélaginu, m.ö.o. heyja lífsbaráttuna saman. Þeir vissu að "frelsun verkalýðsins verður að vera verk verkalýðsstéttarinnar sjálfar" eins og Kalr Marx orðaði það á sínum tíma. Langt fram eftir síðustu öld sótti verkalýðshreyfingin þrótt og baráttuþrek í arfleifð brautryðjendanna og lét mikið að sér kveða í íslenskum þjóðmálum. Auk baráttunnar fyrir vinnu og mannsæmandi launum knúði hún fram átta stunda vinnudag, hvíldartíma á togurum, orlof handa öllu launafólki og almannatryggingar af ýmsum toga. Margt af þessu var árangur af löngum og víðtækum verkföllum. Lögin um atvinnuleysistryggingar voru t.d. knúin fram eftir sex vikna verkfall árið 1955 og tóku gildi árið eftir. Ekki má gleyma baráttunni fyrir lífeyrissjóðunum, en skyldugreiðslur í þá hófust árið 1970, né baráttunni fyrir félagslegu húsnæði. Til fróðleiks má geta þess að í fyrstu kröfugöngu reykvískrar alþýðu 1. maí 1923 var ein af kröfunum: "Engar kjallarkompur, - holla mannabústaði". Sex árum síðar í maí 1929 afgreiddi Alþingi lög um verkamannabústaði.

Allt, sem ég hef upptalið, þykja sjálfsögð réttindi í dag, en hollt er að rifja upp að þrotlausu baráttu þurfti til að ná því fram. Það er líka hollt að rifja upp við hvaða öfl í þjóðfélaginu var barist. Þá eins og nú er það stéttabarátta, sem er hreyfiafl sögunnar.

En verkalýðshreyfingin lét ekki þar við sitja. Hún tók virkan þátt í baráttunni gegn bandarískri hersetu á Íslandi, einkum á árunum 1945-1951, gegn inngöngu Íslands í NATO 1949, gegn inngöngu Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu 1962 (en svo hét fyrirrennari Evrópusambandsins á þeim tíma) og fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómíliur í fjórum áföngum á árunum 1952-1975.

Góðir félagar! Við í Stefnu lítum ekki einungis um öxl og yljum okkur við glæsta baráttusögu verkalýðshreyfingarinnar. Við horfum líka fram um veg og setjum fram kröfur í tilefni dagsins. Þær hljóða svo:

- Kosningar breyta ekki landslaginu – aðeins samtakabarátta alþýðu dugir!
- Vekjum stéttarfélagin – endurheimtum kaupmáttinn!
- Vinna handa öllum er mannréttindi!
- Verjumst árásum á velferðarkerfið!
- Félagsvæðum fjármálakerfið!
- Verndum sjálfsákvörðun og lýðræði – burt með ESB-umsókn!
- Enga aðild að innrásarstríðum – Ísland úr NATO!
- Gegn vestrænum íhlutunum í Sýrlandi og Íran!
- Jafnrétti kynjanna!
- Auðvaldskreppa, auðvaldsrányrkja og auðvaldsstríð... Svárið er sósíalismi!

Auðvitað höfum við ekki afl til að hrinda þessum kröfum í framkvæmd en án háleitra markmiða er til lítils lifað.

Þegar kom fram á áttunda áratug síðustu aldar var sagt skilið við stéttabaráttuna af hálfu ASÍ-forystunnar og við tók stéttasamvinna, vaxandi miðstýring og sérfræðingaveldi af hennar hálfu. Með þessum breytingum einangraðist forystan frá grasrótinni í verkalýðsfélögunum, sem missti smám saman áhuga á henni eins og mörg nýleg og eldri dæmi sanna.

1. mars 2009 þegar kaupmáttur launa hafði rýrnað um 10% á einu ári samdi ASÍ um frestun umsaminnar launahækkunar í átta mánuði. Öðruvísi mér áður brá. Hörðustu stéttaátök á Íslandi áttu sér stað í miðri heimskreppunni á 4. áratug síðustu aldar, Gúttóslagurinn í Reykjavík 1932 og

Nóvudeilan á Akureyri 1933. Í báðum tilfellum ætluðu verkalýðsfjandsamlegar bæjarstjórnir að lækka laun verkamanna. Með órofa samstöðu sigruðu verkalýðssamtökin og komu í veg fyrir tilræðin og höfðu þó enga sjóði að styðjast við.

Áður fyrr eins og hér hefur verið rakið að nokkru voru verkalýðsforingjarnir þátttakendur í samfélagsumræðunni og að baki þeim stóð virk verkalýðshreyfing reiðubúin að knýja fram kröfur sínar með afgerandi hætti, m.ö.o. var hún baráttuhreyfing. Nú er öldin önnur; verkalýðsfélög hafa að nokkru leyti breyst í eins konar félags- og þjónustustofnanir, sem ekki skal þó vanmeta. Sjúkrasjóðir, orlofshús og orlofsíbúðir vítt um land, náms- og ferðastyrkir, þar með talinn sá ríflegasti, ætlaður í síðustu ferð hvers félagsmanns, útfararstyrkurinn. Allt er þetta nú gott og blessað svo langt sem það nær. Eitt er þó víst að heldra verkafólkið í verkalýðsforystunni, sem í lifnaðarháttum, tekjum og skoðunum hefur fyrir löngu samsamað sig auðstéttinni í landinu, er ekki líklegt til að breyta þjóðfélagsgerðinni.

Um miðjan febrúar mældist 4,5% atvinnuleysi í landinu, minna en í nokkru landi innan Evrópusambandsins. Þar er atvinnuleysið ef litið er til allra 28 ríkja þess 10,8% en 12% ef evruríkin 18 eru skoðuð sérstaklega. Í febrúar voru 26.231.000 manns án vinnu í ESB, fleiri en íbúafjöldi allra Norðurlandanna samanlagður. Þessar tölur má lesa af vef Eurostat, hagstofu ESB, og það er meira blóð í kúnni. Yfir 27 milljónir barna lifa við fátækt eða á fátæktarmörkum í ESB samkvæmt nýlegri skýrslu frá Barnaheillum, sem er aðili að alþjóðlegu samtökunum Save the Children.

"Þó þrotið sé nú þjóðarbúið, ástin mín, velkomin á bísann", söng vinur minn Bjartmar Guðlaugsson í hruninu. Við erum velkomin á Evrópusambandsbísann.

4,5% atvinnuleysi á Íslandi þýðir að 7213 manns býr við 100% atvinnuleysi en bókhaldið er falsað. Atvinnulausum með bótarétt fækkar en einstaklingum, sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum fjölgar. Eftir þriggja ára veru á atvinnuleysisbótum missa menn bótaréttinn. Meira en 1700 manns munu missa hann í Reykjavík á þessu ári og vel yfir 100 manns í Reykjanesbæ (Ríkisúttvarpið 22. apríl sl.).

Þessi dæmi verða að nægja en af nógu er að taka. Atvinnuleysi er eitt af birtingarformum kapítalismans. Tilvera hans er staðreynd, illu heilli, en framhaldslíf hans er enn ekki útrætt mál. Veikleikar hans blasa við. Auðstéttin verður sjálf að ala önn fyrir sívaxandi fjölda þræla sinna eins og í öllum sínum krepnum, í stað þess að þeir ali önn fyrir henni.

Svo hagar til að 200 sjómílna efnahagslögsagan íslenska, sem er 758 þúsund ferkílómetrar að stærð (meira en 7 sinnum stærri en landið sjálft) nær langt inn í Norður-Íshafið. Í henni er líka að finna margumtalað Drekasvæði með sína olíu. Í nóvember 2008 markaði ESB sér norðurslóðastefnu. Þar kemur fram að ESB vill eiga landfræðilega aðkomu að Norður-Íshafinu til að tryggja sér ítök þar. Í því sambandi kæmi aðild Íslands að sambandinu sér einkar vel. Þótt 3 af 8 norðurskautsríkjum séu í ESB; Danmörk, Svíþjóð og Finnland, eiga tvö þau síðarnefndu ekki landfræðilega aðkomu að Norður-Íshafinu og það þriðja með vafasömum rétti. Í samræmi við þessa stefnu ESB hefur NATO, hernaðararmur hinna vestrænu heimsvelda BNA og ESB, staðið fyrir umfangsmiklum heræfingum á umliðnum árum í sænska Samalandi, við norðausturströnd Noregs og á hafinu norður af Alaska og Kanada, norðvesturleiðinni svonefndu. Höfuðstöðvar norska hersins hafa verið fluttar frá Stavangri norður til Bodö, þ.e. norður fyrir heimskautsbaug, og Danir hafa lýst yfir að Thule-herstöðin á Grænlandi verði styrkt og komið þar upp stjórnstöð og viðbragðssveitum í samráði við NATO. Svokallað loftrýmisefirlit á vegum NATO, sem reglulega fer fram við Keflavík og Akureyri, þar sem æft er flugtak og aðflug, er hluti af hernaðarstefnu NATO á norðurslóðum. Sama máli gegnir um árvissar heræfingar hér á landi, sem kallast Norðurvíkingur. Hann er aldeilis ekki alfarinn, herinn.

Vestrænn fjármálakapítalismi ásælist nú íslenskar auðlindir í sjó og á landi. Miklu meira girnist hann þó olíu og málma norðurslóða, yfirráð yfir nýjum siglingaleiðum og hernaðaraðstöðu. Þar kemur NATO í góðar þarfir. Herfræðileg markmið eru yfirráð yfir auðlindum norðurslóða og innikróun Rússlands og Kína og annarra ríkja, sem geta skert hin vestrænu yfirráð á heimsvísu. Refskák auðvaldsins er tefld af djöfulmóð víðar en í Sýrlandi og Úkraínu.